

Mál nr. 01/2021

Miðvikudaginn 25. ágúst 2021 var haldinn rafrænn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 01/2021

HRFÍ

gegn

X

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd 12. febrúar 2021 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (X) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para tíkina A án þess að virða 12 mánaða hvíldartíma eftir að hafa parað tvisvar á 12 mánaða tímabili.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 15. febrúar 2021 og henni gefinn frestur til að andmæla til 14. mars 2021. Kærða svaraði efnislega. Siðanefnd ákvað að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 2. desember 2020 hafði tíkin verið pöruð 7. ágúst 2020 og gotið 7. október 2020. Áður hafði tíkin átt got 15. maí 2019 og 2. febrúar 2020. Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn skal hvíla tíkur í hið minnsta 12 mánuði hafi hún verið pöruð tvisvar á 12 mánaða tímabili. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Hundurinn er af kyninu German shepherd dog.

### III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ kemur fram í 3. kafla 4mgr. að

*3.4. Láta ekki tík gjóta oftar en fimm sinnum. Ef tík gýtur tvisvar innan 12 mánaða tímabils þarf að hvíla tíkina í a.m.k. í 12 mánuði fyrir næsta got. Tík sem er 7 ára eða eldri skal hvílast a.m.k. 12 mánuði á milli gota.*

Í málinu liggur fyrir að hvíldartími hafi ekki verið virtur að fullu. Hefur kærða því gerst brotlegar við grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ og er það mat nefndarinnar að hæfileg viðurlög við brotinu sé áminning.

### IV. Niðurstaða

X telst hafa gerst brotleg við grein 3.4 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða X er áminnt.

f.h. siðanefndar

---

Arnheiður Runólfsdóttir

---

Sóley Ragna Ragnarsdóttir

---

Svanhildur Skúladóttir